116 11. nóv. höfn, sem það hefði í huga að láta verða eins margar og að undanförnu. Um leið skaut fjelagið því til mín, að samþykkja uppástungu um ferðaáætlun, er færi í þessa átt, og þar sem tekið væri svo mjög, sem unnt væri, tillit til óska þeirra, er alþingi og þjer, herra landshöfðingi, höfðuð látið í ljósi.

Jeg lagði því næst samþykki mitt á ferðaáætlun, sem telja má hina beztu, sem hægt var að fá, þegar litið er til atvika allra og til þess, að bjóða varð fjelaginu minni borgun en að undanförnu. Að undirlagi yfirstjórnar póstmálanna þótti mjer þó ástæða til að taka það skýrt fram, gagnvart gufuskipafjelaginu, um leið og jeg lagði samþykki mitt á ferðaáætlunina, að ferðir þær 3 frá Reykjavík til Vestfjarða og aptur til Reykjavíkur, sem standi á ferðaáætluninni, megi ekki tálma því, að burtfarardagarnir frá Reykjavík verði samkvæmir ferðaáætluninni, sbr. athugas. 1. á ferðaáætluninni, og að jeg því verði að telja víst, að ferðunum til Vestfjarða verði sleppt eða þær minnkaðar þegar svo kynni að standa á, að sjá mætti fyrir, að þær munðu valda því, að síðar yrði farið frá Reykjavík, en áætlunin gjörir ráð fyrir.

Af hinni samþykktu ferðaáætlun sendast yður hjermeð nokkur exemplör.

117 8. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um afgreiðslu útflutningaskipa.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. septbr. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, þar sem hann kærir yfir því, að gufuskipið Camoens hafi komið á Vopnafjörð seinast í júnímánuði, er leið, og flutt þaðan 160 vesturfara, án þess að sjer gæfist færi á að halda skoðunargjörð á skipinu, og án þess að hann hefði gefið leyfi til þess, að útfararnir væru teknir á skip, og með því að þjer álítið, að slík aðferð komi beinlínis í bága við 7. gr. í útflutningalögunum frá 14. janúar 1876, hafið þjer farið þess á leit, að jeg fyrirskipi rjettarrannsókn og málshöfðun gegn umboðsmanni hlutaðeigandi útflutningastjóra til sekta og skaðabóta.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, að jeg verð að skilja áðurnefnda lagagrein svo, einsog hún líka að því er mjer er kunnugt hefur verið skilin að undanförnu, að fyrirmæli hennar um, að ekki megi taka útfara á skip fyr en leyfi lögreglustjórnarinnar sje fengið til þess, eigi, þegar hlutaðeigandi útflutningaskip tekur útfara í sömu ferðinni á fleiri höfnum en einni, aðeins við um lögreglustjórnina á þeirri höfn, sem skipið fer síðast frá í þeirri ferð. Styðst þessi skilningur bæði við orð greinarinnar: »má eigi taka útfara á skip, fyr en *lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá*, hefur gefið skriflegt leyfi til þess«, og við fyrirmæli hennar um, að áður en leyfið er veitt, skuli lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið sje hentugt til að flytja útfara, og að í leyfinu skuli tiltaka, hvað marga útfara megi taka á skipið, því þegar sama skipið tekur útfara í sömu ferðinni á mörgum höfnum, væri tilgangslaust að skipa fyrir um, að á hverri höfn skuli rannsaka, hvort skipið sje hentugt til útflutninga, og tiltaka, hve marga útfara það geti tekið, hitt er nægilegt, að þetta sje gjört áður en skipið leggur á stað frá landinu. Með því nú að gufuskipið Camoens, eptir því sem mjer er skýrt frá, á áður umgetinni ferð sinni fór síðast frá Eskifirði, fæ jeg ekki sjeð, að hlutaðeigandi útflutningastjóri hafi framið lagabrot með því að taka fyr í sömu ferðinni útfara á Vopnafirði, án þess að fá leyfi lögreglustjórans í Norður-Múlasýslu til þess, hafi hann aðeins fengið leyfi hjá lögreglustjóranum í Suður-Múlasýslu áður en skipið lagði á stað frá Eskifirði.